

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 114/2013**

2017/EES/40/18

frá 6. nóvember 2012

**um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 að því er varðar reglur
um umsókn um undanþágu frá markmiðum um sértæka losun á koltvísýringi að því er varðar ný
létt atvinnuökutækni (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

gögn liggja ekki fyrir skal markmiðið borið saman við gögnin um sértæka meðaltalslosun á koltvísýringi á næstkomandi almanaksári sem næst er árinu 2010.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttrum ökutækjum ⁽¹⁾, einkum 7. mgr. 11. gr.,

- 4) Til þess að greiða fyrir umsókninni skal útvega skrá yfir framleiðendur og sértæka meðaltalslosun þeirra á koltvísýringi í Sambandinu árið 2010. Skráin var tekin saman að loknu formlegu samráði við aðildarríkin og helstu hagsmunaaðila í hópi sérfræðinga á sviði stefnumótunar og framkvæmdar ákvæðanna um losun koltvísýrings frá ökutækjum sem fram fór 9. júlí 2012.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 geta smærri framleiðendur (hér á eftir „umsækjendur“) sótt um önnur markmið um að draga úr losun, sem skulu vera í samræmi við getu þeirra til að draga úr losun, þ.m.t. efnahagslega og tæknilega getu þeirra til að draga úr sértækri losun koltvísýrings, og með tilliti til eiginleika markaðarins að því er varðar gerðir nýrra, léttra atvinnuökutækja.
- 2) Við ákvörðun á getu umsækjandans til að draga úr losun skal meta efnahagslega og tæknilega getu hans. Í því skyni skal umsækjandinn veita ítarlegar upplýsingar um atvinnustarfsemi sína auk upplýsinga um þá tækni sem notuð er í léttrum atvinnuökutækjum til að draga úr losun koltvísýrings. Umbeðnar upplýsingar fela í sér gögn sem umsækjandinn getur nálgast auðveldlega og skulu ekki fela í sér viðbótarstjórnsýsluálag.
- 3) Til þess að veita umsækjendum skýrt grunnviðmið sem nota má til að ákvarða markmið um sértæka losun er viðeigandi að nota nýjustu fyrirliggjandi gögn um sértæka meðaltalslosun koltvísýrings árið 2010. Ef þessi

- 5) Til að tillit sé tekið til takmarkaðs magns framleiðsluvara sem sumir umsækjendur bjóða upp á og þar af leiðandi takmarkaðs svigrúms til að dreifa því að dregið er úr sértækri meðaltalslosun á koltvísýringi yfir allan flotann, skal heimila umsækjendum að velja á milli eins árlegs markmiðs um sértæka losun fyrir undanþágutímabilið eða mismunandi árlegra markmiða, sem leiðir til þess að við lok undanþágutímabilsins hefur dregið úr losun miðað við grunnviðmiðið frá árinu 2010.

- 6) Í samræmi við undanþágu frá réttinum til almenns aðgangs að skjölum, sem settur er fram í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ⁽²⁾, skulu tilteknar upplýsingar í umsókninni um undanþágu vera undanþegnar almennum aðgangi ef að birting þessara upplýsinga myndi grafa undan vernd viðskiptahagsmuna, einkum upplýsingar um vöruáætlun umsækjandans, áætlaðan kostnað og áhrif á arðsemi fyrirtækisins. Framkvæmdastjórnin skal birta ákvarðanir um veitingu undanþága á Netinu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 38, 9.2.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2017 frá 16. júní 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1.

(2) Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð eru tilgreindar þær upplýsingar sem umsækjendur skulu veita í þeim tilgangi að sýna fram á að skilyrði fyrir undanþágu skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 séu uppfyllt.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, auk þeirra skilgreininga sem settar eru fram í 2. og 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011:

- 1) „umsækjandi“: framleiðandi í skilningi 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011,
- 2) „einkenni ökutækis“: eiginleikar ökutækisins, þ.m.t. massi, sértæk losun þess á koltvísýringi, fjöldi sæta, hreyfilafköst, hlutfall hreyfilafsls og massa og hámarkshraði,
- 3) „einkenni markaðarins“: upplýsingar um einkenni ökutækis og heiti og verðsvið léttra atvinnuökutækja sem eru í beinni samkeppni við þau ökutæki sem sótt er um undanþágu fyrir,
- 4) „eigin framleiðslustöð“: framleiðslu- eða samsetningarverksmiðja sem notuð er eingöngu af umsækjandanum í þeim tilgangi að framleiða eða setja saman ný, létt atvinnuökutæki fyrir þann umsækjanda, þ.m.t., þar sem við á, létt atvinnuökutæki, sem ætluð eru til útflutnings,
- 5) „eigin hönnunarmiðstöð“: aðstaða þar sem fullbúið ökutæki er hannað og þróað og er undir stjórn og til einkanota fyrir umsækjandann.

3. gr.

Umsókn um undanþágu skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011

Umsækjandinn skal senda inn umsókn um undanþágu skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 í samræmi við sniðið sem tilgreint er í I. viðauka þessarar reglugerðar og skulu þar koma fram upplýsingarnar sem settar eru fram í 4. og 5. gr. í þessari reglugerð.

4. gr.

Upplýsingar um hæfisviðmiðanir

Umsækjandinn skal veita eftirfarandi upplýsingar um hæfisviðmiðanirnar:

- a) upplýsingar um skipulag eignarhalds framleiðandans eða hóps tengdra framleiðenda, ásamt viðeigandi yfirlýsingu sem sett er fram í II. viðauka,
- b) fjölda nýrra, léttra atvinnuökutækja, sem umsækjandinn ber ábyrgð á, sem eru opinberlega skráð í Sambandinu á

þremur almanaksárum á undan umsóknardeginum eða, ef slíkar upplýsingar eru ekki tiltækar, þá eitt af eftirfarandi:

i. áætlun sem byggir á sannprófanlegum gögnum um fjölda nýrra léttra atvinnuökutækja, sem skráð eru á tímabilinu, sem um getur í inngangsorðunum, og sem umsækjandinn ber ábyrgð á,

ii. fjölda nýrra, léttra atvinnuökutækja, sem voru skráð síðasta almanaksárið sem slík gögn eru tiltæk fyrir, ef engin létt atvinnuökutæki voru skráð á tímabilinu, sem um getur í inngangsorðunum.

5. gr.

Markmið um sértæka losun og geta til að draga úr losun skv. 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011

1. Umsækjandinn skal gefa upp sértæka meðaltalslosun nýrra, léttra atvinnuökutækja sinna á koltvísýringi, sem skráð voru árið 2010, nema sértæk meðaltalslosun koltvísýrings fyrir það ár sé skráð í III. viðauka. Séu þessar upplýsingar ekki tiltækar skal umsækjandinn gefa upp sértæka meðaltalslosun nýrra, léttra atvinnuökutækja sinna á koltvísýringi sem voru á næstkomandi almanaksári sem næst er árinu 2010.
2. Umsækjandinn skal veita eftirfarandi upplýsingar um starfsemi sína:
 - a) fjölda starfsmanna og stærð framleiðslustöðvarinnar í fermetrum, almanaksárið næst á undan umsóknardeginum,
 - b) rekstrarlíkan framleiðslustöðvarinnar þar sem tilgreint er hvaða hönnunar- og framleiðslustarfsemi er framkvæmd af umsækjanda og hverju er útvistað,
 - c) ef um er að ræða tengt fyrirtæki, þá upplýsingar um hvort að framleiðendur deila tækni og hvaða starfsemi er útvistað,
 - d) sölumagn, ársveltu, hreinan hagnað og fjármotkun í rannsóknir og þróun á tækni til að draga úr koltvísýringi fyrir næstu fimm almanaksár á undan umsóknardegi og ef um er að ræða tengt fyrirtæki, heildartilfærslur til móðurfélagsins,
 - e) eiginleika markaða hans,
 - f) verðlista fyrir allar útfærslur léttra atvinnuökutækja, sem undanþágan á að taka til, næsta almanaksár á undan umsóknardegi og áætlaðan verðlista fyrir létt atvinnuökutæki, sem áætlað er að setja á markað og undanþágurnar eiga að taka til.

Upplýsingunum, sem um getur í fyrstu undirgrein d-liðar, skulu fylgja opinberir, vottaðir reikningar eða þær vottaðir af óháðum endurskoðanda.

3. Umsækjandinn skal veita eftirfarandi upplýsingar um tæknilega getu sína til að draga úr sértækri losun koltvísýrings :

a) skrá yfir þá tækni sem notuð er til að draga úr losun koltvísýrings í léttum atvinnuökutækjum, sem voru á markaði árið 2010 eða, liggi þessi gögn ekki fyrir, þá fyrir það ár sem er næst árinu 2010, eða ef um er að ræða framleiðendur sem hyggjast koma inn á markaðinn, þá fyrir það ár sem undanþágan gildir fyrst,

b) skrá yfir þá tækni sem notuð er til að draga úr losun koltvísýrings í léttum atvinnuökutækjum, samkvæmt áætluninni um að draga úr sértækri losun koltvísýrings og viðbótarkostnaður vegna þessarar tækni fyrir hverja útfærslu ökutækis sem umsóknin gildir um.

4. Umsækjandinn skal, í samræmi við getuna til að draga úr losun, gera tillögu að einu af eftirfarandi markmiðum:

a) markmiði um sértæka losun sem tryggir að dregið hafi úr sértækri meðaltalslosun koltvísýrings þegar undanþágutímabilið rennur út í samanburði við sértæka meðaltalslosun koltvísýrings, sem um getur í 1. mgr.

b) árlegu markmiði um sértæka losun fyrir hvert ár undanþágutímabilsins, sem er skilgreint, þannig að dregið hafi úr sértækri meðaltalslosun koltvísýrings fyrir allt undanþágutímabilið í samanburði við sértæka meðaltalslosun koltvísýrings, sem um getur í 1. mgr.

5. Markmiðinu um sértæka losun eða markmiðinu um árlega, sértæka losun, sem umsækjandinn gerir tillögu um, skal fylgja áætlun um að draga úr sértækri losun koltvísýrings frá nýja flotanum.

Í áætluninni um að draga úr sértækri losun koltvísýrings skal tilgreina eftirfarandi:

a) tímaáætlun fyrir innleiðingu tækni til að draga úr losun koltvísýrings í flota umsækjanda,

b) áætlaðan fjölda nýrra, létttra atvinnuökutækja, sem eru skráð í Sambandinu hvert ár undanþágutímabilsins og áætluð, sértæk meðaltalslosun koltvísýrings og meðalmassa,

c) ef um er að ræða markmið um árlega, sértæka losun, þá árlegar úrbætur að því er varðar sértæka losun koltvísýrings fyrir þá útfærslu ökutækis sem tæknin til að draga úr koltvísýringi er innleidd fyrir.

6. Meta skal hvort umsækjandi fylgi markmiði um sértæka losun eða markmiði um árlega, sértæka losun í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 hvert ár undanþágutímabilsins.

6. gr.

Mat framkvæmdastjórnarinnar

1. Hafi framkvæmdastjórnin ekki hreyft neinum andmælum innan níu mánaða frá því fullgerð umsókn berst opinberlega skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 skulu viðeigandi skilyrði til að beita undanþágunni teljast uppfyllt.

Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að umsóknin sé ófullgerð, er heimilt að óska eftir viðbótarupplýsingum Hafi viðbótarupplýsingar ekki verið lagðar fram innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í beiðninni er framkvæmdastjórninni heimilt að hafna umsókninni.

Ef um er að ræða synjun vegna þess að umsóknin er ekki fullgerð eða vegna þess að framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að fyrirhuguð markmið um sértæka losun séu ekki í samræmi við getu umsækjanda til þessa draga úr losun, er umsækjandanum heimilt að leggja fram fullgerða eða endurskoðaða umsókn um undanþágu.

2. Umsóknir skulu lagðar fram í prentuðu og rafrænu formi. Prentuðu útgáfuna skal senda til allsherjarsviðs framkvæmdastjórnarinnar, 1049 Brussel, Belgía, merkt: „Undanþága vegna reglugerðar (ESB) nr. 510/2011“. Rafrænu útgáfuna skal senda á virkt pósthólf, sem tilgreint er í I. viðauka.

3. Komi í ljós að upplýsingarnar í umsókninni séu rangar eða ónákvæmar skal afturkalla ákvörðunina um að veita undanþágu.

7. gr.

Almennur aðgangur að upplýsingum

1. Umsækjandi sem telur að upplýsingar sem lagðar eru fram vegna umsóknarinnar skuli ekki birtar í samræmi við 8. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 skal tilgreina það í umsókninni og færa rök fyrir því hvers vegna birting upplýsinga geti grafið undan verndun viðskiptahagsmuna umsækjandans, þ.m.t. hugverkarétti.

2. Undanþágan frá réttinum á almennum aðgangi að skjölum, sem settur er fram í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 skal talin gilda um eftirfarandi tegundir upplýsinga:

a) upplýsingar um áætlunina um að draga úr sértækri losun koltvísýrings, sem um getur í 5. gr. og einkum upplýsingarnar varðandi þróun á vöruúrvali umsækjandans,

b) áætluð áhrif tækni til að draga úr losun koltvísýrings á framleiðslukostnað, kaupverð ökutækja og arðsemi fyrirtækisins.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

Forseti.

I. VIÐAUKI

Staðlað snið fyrir umsókn um undanþágu, sem framleiðendur léttra atvinnuökutækja sem uppfylla viðmiðanirnar í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011, senda inn

Rafræna útgáfu umsóknarinnar skal senda á eftirfarandi tölvupóstfang:

EC-CO2-LDV-IMPLEMENTATION@ec.europa.eu

1. Nafn, heimilisfang og tengiliður framleiðandans eða hóps tengdra framleiðenda

Heiti framleiðanda	Póstfang	Nafn tengiliðar	Tölvupóstfang tengiliðar	Símanúmer tengiliðar

2. Nafn, heimilisfang og tengiliður fulltrúa framleiðandans í ESB (aðeins ef um er að ræða framleiðanda sem hefur staðfestu utan ESB)

Nafn fulltrúa framleiðandans í ESB	Póstfang	Nafn tengiliðar	Tölvupóstfang tengiliðar	Símanúmer tengiliðar

3. Viðmiðanir um hæfi**3.1. Er umsækjandi hluti af hópi tengdra framleiðenda?**

- JÁ (yfirlýsing, eins og sett er fram í II. viðauka skal fylgja með)
- NEI

3.2. Er umsækjandi hluti af hópi tengdra framleiðenda en starfrækir eigin framleiðslustöðvar og hönnunarmiðstöð?

- JÁ (yfirlýsing, eins og sett er fram í II. viðauka skal fylgja með, sjá lið 3.3)
- NEI (sjá lið 3.4 og 3.5)

3.3. Fjöldi nýrra, léttra atvinnuökutækja sem eru skráð í Sambandinu ef umsóknin varðar ótengdan framleiðanda eða tengdan framleiðanda sem starfrækir eigin framleiðslustöðvar og eigin hönnunarmiðstöð**3.3.1. Opinberar tölur þrjú næstu almanaksár fyrir umsóknardag**

Ár			
Fjöldi nýrra skráninga innan ESB			

3.3.2. Séu opinberu tölurnar, sem um getur í lið 3.3.1, ekki fyrirbyggjandi fyrir tímabilið, sem þar getur um, skal mat byggt á sannprófanlegum gögnum

Ár			
Fjöldi nýrra skráninga innan ESB			

- 3.3.3. Séu tölurnar í lið 3.3.1 og 3.3.2 ekki fyrirleggjandi fyrir það tímabil, þá tölur fyrir síðasta almanaksár sem slík gögn liggja fyrir um

Ár			
Fjöldi nýrra skráninga innan ESB			

- 3.4. *Ef umsóknin varðar hóp tengdra framleiðenda skal veita upplýsingar um eftirfarandi*

Heiti framleiðenda	Póstfang	Nafn tengiliðar	Tölvupóstfang tengiliðar	Símanúmer tengiliðar

- 3.5. *Fjöldi léttra atvinnuökutækja, sem eru skráð í Sambandinu af hópi tengdra framleiðenda ef umsóknin varðar hóp tengdra framleiðenda og umsækjandinn starfrækir ekki eigin framleiðslustöðvar og eigin hönnunarmiðstöð*

- 3.5.1. Opinberar tölur þrjú næstu almanaksár fyrir umsóknardag

Ár			
Fjöldi nýrra skráninga innan ESB			

- 3.5.2. Séu opinberu tölurnar, sem um getur í lið 3.5.1, ekki fyrirleggjandi fyrir tímabilið, sem þar getur um, skal mat byggt á sannprófanlegum gögnum

Ár			
Fjöldi nýrra skráninga innan ESB			

- 3.5.3. Séu tölurnar í lið 3.5.1 og 3.5.2 ekki fyrirleggjandi fyrir það tímabil, þá tölur fyrir síðasta almanaksár sem slík gögn liggja fyrir um

Ár			
Fjöldi nýrra skráninga innan ESB			

4. **Tímabilið sem óskað er eftir að undanþágan taki til**

Fjöldi almanaksára (að hámarki 5)			
-----------------------------------	--	--	--

5. **Tillaga um markmið um sértæka losun, reiknað út sem meðaltal flotans fyrir undanþágutímabilið eða aðskilin markmið um sértæka losun ef um er að ræða árlega minnkun losunar (í g af koltvísýringi á kílómetra)**

Ár					
Markmið um sértæka meðaltalslosun (g af koltvísýringi á kílómetra)					

6. **Sértækar upplýsingar um fyrirtæki**

6.1. *Sértæk meðaltalslosun koltvísýrings á árinu 2010 ef það er ekki tekið með í III. viðauka (eða ef það er ekki fyrirbyggjandi fyrir það almanaksár sem er næst 2010)*

6.2. *Fjöldi starfsmanna á síðasta almanaksári fyrir umsóknardag*

6.3. *Stærð framleiðslustöðvarinnar í fermetrum almanaksárið fyrir umsóknina*

6.4. *Sölumagn síðustu fimm ár fyrir umsóknardag*

Ár					
Sölumagn					

6.5. *Ársvelta síðustu fimm ár fyrir umsóknardag*

Ár					
Velta					

6.6. *Eiginleikar markaðarins*

Upplýsingar um fyrirhugaðar framleiðsluvörur, sem ekki eru fáanlegar á markaði þegar umsóknin er lögð fram, skal færa á þann hluta umsóknarinnar sem trúnaðarkvöð gildir um:

- Einkenni ökutækisins,
- nöfn og verðsvið þeirra ökutækja sem eru í beinni samkeppni árið fyrir umsóknardag,
- verðlisti yfir ökutæki, sem undanþágan skal ná til, árið fyrir umsóknardag eða árið sem er næst umsóknardeginum.

6.7. *Stutt lýsing á rekstrarlíkani framleiðslustöðvarinnar*

HLUTI UMSÓKNARINNAR SEM TRÚNAÐARKVÖÐ GILDIR UM

6.8. *Hreinn hagnaður síðustu fimm ár fyrir umsóknardag*

Ár					
Hreinn hagnaður					

6.9. *Fjármotkun í rannsóknir og þróun vegna tækni til þess að draga úr koltvísýringi síðustu fimm ár fyrir umsóknardag*

Ár					
Fjármotkun í rannsóknir og þróun					

6.10. *Heildarmillifærsla fjármagns til móðurfélags ef um er að ræða tengd fyrirtæki síðust fimm ár fyrir umsóknardag*

Ár					
Heildarmillifærsla					

7. **Upplýsingar um létt atvinnuökutæki sem setja skal á markað í Sambandinu og sem umsækjandinn mun bera ábyrgð á**
 - 7.1. *Eiginleikar markaðarins*
 - 7.1.1. Einkenni ökutækisins,
 - 7.1.2. Nöfn og verðsvið þeirra ökutækja sem eru í beinni samkeppni árið fyrir umsóknardag,
 - 7.1.3. Fyrirhugaður verðlisti ökutækjanna sem undanþágan á að taka til.
 8. **Tæknileg geta umsækjanda til að draga úr sértækri losun koltvísýrings**
 - 8.1. *Skrá yfir þá tækni sem notuð er til að draga úr losun koltvísýrings árið 2010 í flota umsækjanda*
 - 8.2. *Ef skráin, sem um getur í lið 8.1, liggur ekki fyrir, þá skrá fyrir það ár sem er næst árinu 2010*
 - 8.3. *Ef umsækjandi fyrirhugar að koma inn á markað Sambandsins, þá skal leggja fram skrána, sem um getur í lið 8.1, fyrsta árið sem undanþágan gildir*
 9. **Áætlun umsækjanda um að draga úr sértækri losun koltvísýrings**
 - 9.1. *Tímaáætlun fyrir innleiðingu tækni til að draga úr koltvísýringi í flota*
 - 9.2. *Áætlað meðaltal flotans á undanþágutímabilinu*
 - 9.2.1. Skráningar nýrra, léttra atvinnuökutækja í Sambandinu á ári á undanþágutímabilinu.
 - 9.2.2. Áætlaður meðalmassi ökutækja, sem áformað er að setja á markað í Sambandinu, hreyfilafli þeirra og upplýsingar um samsetningu aflrásar.
 - 9.2.3. Áætluð sértæk meðaltalslosun koltvísýrings ökutækja sem áformað er að setja á markað í Sambandinu.
 - 9.3. *Tækni til að draga úr koltvísýringi sem nota á í flota umsækjanda samkvæmt áætluninni um að draga úr sértækri losun koltvísýrings*
 - 9.4. *Viðbótarkostnaður á hverja útfærslu ökutækis vegna tækninnar sem nota á sem hluta af áætluninni um að draga úr sértækri losun koltvísýrings*
 - 9.5. *Ef um er að ræða árleg markmið, þá árlegar framfarir í sértækri losun koltvísýrings fyrir þá útfærslu ökutækis sem tæknin til að draga úr koltvísýringi er innleidd fyrir*
-

II. VIÐAUKI

Staðlað snið yfirlýsingarinnar um eignarhaldsform

Ákvæði a-liðar 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011

Ég lýsi því hér með yfir að ég hef löglegt umboð til að koma fram fyrir hönd [heiti] (framleiðandinn), sem sækir um undanþágu skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011, og sem er ekki hluti af hópi tengdra framleiðenda eins og skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. Samkvæmt minni bestu vitund er [heiti] (framleiðandinn) hæfur til að sækja um undanþágu skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 og upplýsingarnar í umsókninni réttar og nákvæmar. Upplýsingar um eignarhaldsform [heiti] (framleiðandinn) eru meðfylgjandi.

Undirskrift Dagsetning
Framkvæmdastjóri [framleiðanda]

Ákvæði b-liðar 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011

Ég lýsi því hér með yfir að ég hef löglegt umboð til að koma fram fyrir hönd [heiti] (framleiðandinn), sem sækir um undanþágu skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011, og sem er hluti af hópi tengdra framleiðenda eins og skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. Samkvæmt minni bestu vitund er [heiti] (framleiðandinn) hæfur til að sækja um undanþágu skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 og upplýsingarnar í umsókninni réttar og nákvæmar. Upplýsingar um eignarhaldsform [nafn] (framleiðandinn) eru meðfylgjandi.

Undirskrift Dagsetning
Framkvæmdastjóri [framleiðanda]

Ákvæði c-liðar 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011

Ég lýsi því hér með yfir að ég hef löglegt umboð til að koma fram fyrir hönd [heiti] (framleiðandinn), sem sækir um undanþágu skv. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011, og sem er hluti af hópi tengdra framleiðenda eins og skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. en starfrækir sína eigin framleiðslustöð og hönnunarmiðstöð eins og það er skilgreint í 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 114/2013. Samkvæmt minni bestu vitund er [heiti] (framleiðandinn) hæfur til að sækja um undanþágu skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 og upplýsingarnar í umsókninni réttar og nákvæmar. Upplýsingar um eignarhaldsform [heiti] (framleiðandinn) eru meðfylgjandi.

Undirskrift Dagsetning
Framkvæmdastjóri [framleiðanda]

III. VIÐAUKI

Skrá yfir sértæka meðaltalslosun á koltvísýringi í Sambandinu árið 2010 flokkuð eftir framleiðanda

Tegund	Meðaltalslosun (g/km)
Citroën	158,96
Dacia	154,13
Fiat	159,99
Ford	202,00
Giotti victoria	167,59
Great wall	190,13
Hyundai	219,73
Isuzu	223,86
Iveco	229,05
Jeep	240,17
Kia	193,29
Land rover	276,93
LDV	234,60
Mazda	247,08
Mercedes	226,29
Mitsubishi	221,87
Mitsubishi fuso	286,83
Nissan	214,11
Opel	183,30
Peugeot	156,84
Piaggio	135,85
Renault	165,47
Renault vörubifreiðar	250,11
Skoda	136,13
Ssangyong	222,72
Tata	223,00
Toyota	215,41
Vauxhall	162,09
Volkswagen	193,43
Volvo	186,40